

Reykjavík 16. febrúar 2023

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs
Sendandi: Strætó bs.

Efni: Svar við fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs sem vísað var til umsagnar Strætó bs. með bréfi dags. 5. Október 2022

Kærar þakkir fyrir tillöguna.

Við höfum skoðað tillöguna og niðurstaðan er sú að ekki er hægt að breyta leið 31 eins og staðan er í dag þar sem ekki er hægt að hætta með akstur inn í Hamrahverfi og hann er talinn nauðsynlegur til að skólakrakkar í hverfinu komist til og frá Foldaskóla. Það eru um 39 innstig á dag að meðaltali í Hamrahverfi og hluti þeirra farþega myndi missa tengingu við leið 31 ef breytingin yrði gerð á leið 31 þar sem stór hluti hverfisins yrði utan 400m radíuss við stoppistöð.

Þar sem ekki er hægt að hætta akstri innan Hamrahverfis og ná fram styttingu á leiðinni þannig þá er því miður ekki möguleiki á því að lengja leiðina að Hallsteinsgarði þar sem ekki er til aukið rekstrarfjármagn fyrir leiðina.

Við viljum benda á að nú er komin pöntunarþjónusta milli Gufuness og Spangar á hálf tíma fresti auk þess sem stærstur hluti Borga er innan 400m radíuss frá leið 7 og einnig er hluti hverfisins innan 400m radíuss frá leið 6.